**158. löggjafarþing 2026–2027.**
**Þingskjal 427 — 336. mál.**

# Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um skipan í stjórnir, nefndir, ráð, vinnu- og starfshópa.**

Frá Nönnu Margréti Gunnlaugsdóttur.

1. Í hvaða nefndir, ráð, vinnu- og starfshópa er skipað á vegum ráðherra? Hvaða einstaklingar hafa verið skipaðir í hvert sæti á kjörtímabilinu, til hversu langs tíma og hvaða póstar eru launaðir?
2. Í hvaða stjórnir er skipað á vegum ráðherra? Hvaða einstaklingar hafa verið skipaðir í hverja stjórn á kjörtímabilinu og til hversu langs tíma? Hverjir þeirra eru jafnframt starfsmenn ráðuneyta og í hvaða stjórnum sitja þeir?

**Skriflegt svar óskast.**